

STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2017, föstudaginn 9. júní 2017, var haldinn 267. fundur stjórnar Strætó bs.. Fundurinn var haldinn í Mjódd og hófst kl. 12:00. Mætt voru Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Sigrún Edda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Bryndís Haraldsdóttir, Guðlaug Kristjánsdóttir og Sverrir Óskarsson. Guðlaug og Sverrir yfirlit fundinn eftir umfjöllun um lið 1 og 2. Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir sviðsstjóri fjármála og reksturs, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Leiðakerfisbreytingar
2. Dómsmál
3. Fjárhagsáætlun 2017- viðaukar 1 og 2
4. Aukinn þjónustutími – akstur á sumrin
5. Viðbragðsáætlun vegna ábendinga um misferli
6. Fræðslustefna
7. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Fram fer áframhaldandi umfjöllun frá fundi stjórnar 26. maí sl. um mögulegar breytingar á leiðakerfi.
Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna heildstætt yfirlit yfir fyrirhugaðar breytingarnar í takt við umræður og leggja fram á næsta fundi stjórnar.
2. Lögð fram niðurstaða í dómsmáli Strætó bs. gegn Teiti Jónssyni ehf. (nr. 485/2016) sem kveðin var upp í Hæstarétti 2. júní 2017 þar sem Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms (nr. E1055/2014) um rétt Teits Jónssonar ehf. til skaðabóta eftir að tilboði fyrirtækisins í útboði á akstri Strætó á höfuðborgarsvæðinu var hafnað í mars 2010.

Anton Björn Markússon, lögmaður Strætó í málinu, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lagðir fram viðaukar 1 og 2 við fjárhagsáætlun 2017 sem tekur tillit til breytinga á lífeyrissjóðnum Brú og einnig annarra breytinga sem orðið hafa frá því fjárhagsáætlun var samþykkt.
Samþykkt.
4. Fram fer umræða um sumarakstur árið 2018. Stjórn þykir rétt að kanna kostnaðaráhrif þess að akstur verði ekki minnkaður á vissum leiðum sumarið 2018 líkt og gert hefur verið undanfarin ár. Framkvæmdastjóra var falið að taka saman minnisblað um málið, m.a. varðandi forgangs röðun leiða og áætlaðan kostnað við breytinguna.
5. Fram fer umræðu um fyrirliggjandi viðbragðsáætlun vegna ábendinga um misferli.
Stjórn samþykkir framlagða áætlun og felur framkvæmdastjóra að innleiða hana.
6. Lögð fram tillaga að fræðslustefnu Strætó.
Samþykkt.
7. Önnur mál
 - a) Öryggismál í Strætó, umræður. Stjórn óskar eftir að framkvæmdastjóri geri úttekt öryggismálum í Strætó almennt, t.a.m. myndavélar í vögnum og viðbrögð við áreiti vögnunum.
 - b) Mælaborð fyrir janúar – maí 2017, lagt fram.

Fundi slitið: 14.00

Fylgiskjöl:

- Fræðslustefna Strætó
- Mælaborð janúar – maí 2017

- Fjárhagsáætlun 2017 – viðaukar 1 og 2

Heiða Björg Hilmysdóttir

Guðlaug Kristjánsdóttir
Bryndís Haraldsdóttir
Gunnar Valur Gíslason

Sverrir Óskarsson
Sigrún Edda Jónsdóttir